



VELKOMIN Á 100 ÁRA
AFMÆLISHÁTÍÐ
HÉRAÐSSAMBANDS ÞINGEYINGA



*Afmælishátíðin verður haldin í íþróttahúsinu
á Laugum í Reykjadal,
sunnudaginn 2. nóvember kl. 14:00 og er öllum opin.*

*Á hátíðinni verður boðið upp á glæsilegt kaffihlaðborð
Kvenfélags Reykdæla og margt verður til skemmtunar,
s.s. kórsöngur Sálubótar og karlakórsins Hreims,
sögusýning, þjóðdansa- og glímusýning.*

Afmælisnefnd HSB

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

40. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 29. okt. 2014

Afmælisbörn dagana 30. okt. — 5. nóv. 2014

- 30. Katrín Briem.
- 31. Hermann Kristjánsson.
- 2. Þuríður Helgadóttir.
- 4. Ragnheiður Diljá Káradóttir.



Kaffisþjall sveitarstjórnar

Sveitarstjórn býður til kaffisþjalls í Skjólbrekku
þriðjudagskvöldið 4. nóvember kl. 20:00.

Íbúar eru hvattir til þess að koma og eiga spjall
við sveitarstjórnarfulltrúa um málefni sveitarfélagsins.

F.h sveitarstjórnar
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

FRÍR PRUFUTÍMI



Frá Íþróttamiðstöð.

Vegna fjölda áskorana ætlum við að byrja aftur
með leikfimi og hreystitíma í íþróttasalnum.

Námskeiðið er öllum opið sem eiga kort í þrek- eða íþróttasal.

Stakur tími á 500 krónur.

Styrkur, liðleiki og vellíðan.

Jóga, styrktaræfingar, ketilbjöllur, pallar og ýmislegt fleira.

Leiðbeinendur Ásta Price og Bjarni.

Mánudagar: 16:30 – 18:00

Miðvikudagar: 16:30 – 18:00.

Kveðja, Bjarni og Ásta

Kæru Mývetningar.

Ég þakka fyrir þau frábæru viðbrögð sem ég hef fengið varðandi
spurningarlistana sem ég dreifði út fyrir BA-verkefnið mitt.

Eins hef ákveðið að lengja skilafrestinn á spurningarlistunum
fram til miðvikudagsins 5. nóvember.

Kristinn, Grænavatni.



Húsnæði til leigu.

Skútustaðahreppur auglýsir til leigu aðstöðu að Múlavegi 1, Reykjahlíð. Um er að ræða 32 fm herbergi á jarðhæð sem hentað getur undir margvíslega atvinnutengda starfsemi. Herbergið er laust til afhendingar frá 1. nóvember 2014.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 464 4163 og umsóknir óskast sendar á netfangið sveitarstjori@myv.is

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri



BÆNDASAMBAND SUÐUR - ÞINGEYINGA

Ágætu kúabændur.

Föstudaginn 31. október kl. 13:00 verður haldin fundur að Ýdölum. Guðmundur Steindórsson ráðunautur fer yfir ræktunarstarfið og veitir verðlaun fyrir hátt dæmdar kúr. Einnig verða veitt hvatningarverðlaun til þess bónda sem mest hefur aukið framleiðslu sína á síðastliðnu ári. Jarle Reiersen, dýralæknir og verkefnastjóri hjá MS fjallar um jógurbólgu, aðbúnað og fleira. Sæþór Gunnsteinsson ræðir aðstöðu til sæðinga í lausagöngufjósum í héraðinu.

Sjáumst
Stjórn BSSÞ

Bændagleðin verður haldin 29. nóvember í Skjólbrekku, húsið opnar klukkan 20:00.

Eru ekki allir búnir að taka daginn frá J

Tilboð á gistingu í Sel hóteli:

12.900,- tveggja manna herbergi með morgunmat.
10.900,- eins manns herbergi með morgunmat.

farið á leit við sveitarfélögin, Skútustaðahrepp, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð og Tjörneshrepp að þau taki afstöðu til umsóknar um áframhaldandi undanþágu vegna landfræðilegra aðstæðna frá 8000 íbúa lágmarki þjónustusvæða sem sett var við yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna árið 2011. Undanþágan fellur úr gildi um næstu áramót. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir áframhaldandi undanþágu frá 8000 íbúa lágmark vegna landfræðilegra aðstæðna í samstafi við Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð og Tjörneshrepp.

- Lögð fram drög að endurnýjuðum þjónustusamningi við Mývatnsstofu sem gildir frá 1. maí – 31. desember 2014. Mánaðargreiðslur sveitarfélagsins nema kr. 100 þúsund á mánuði auk þess sem sveitarfélagið greiðir húsaleigu fyrir Mývatnsstofu að Hraunvegi 8. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun. Guðrún Brynleifsdóttir vék af fundi undir þessum lið.
- Borist hefur tölvupóstur frá Alkemia dags. 17. október þar sem fyrirtækið segir upp húsaleigu á herbergi á Múlavegi 1 frá 1. nóvember 2014. Sveitarstjóra falið að auglýsa húsnæðið laust til útleigu.
- Boðað er til hluthafafundar Mývatnsstofu sem haldinn verður í húsi Björgunarsveitarinnar Stefáns þriðjudaginn 4. nóvember kl. 13:00. Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45

*Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Sigurður Böðvarsson
Guðrún Brynleifsdóttir
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri*

Bókakaffi Gjallanda.

Mínum á spennandi dagskrá á næstunni.

10. nóvember: Allir koma með tvær bækur; upphaldsbókina sína og bókina á náttborðinu.

24. nóvember: Afdalabarn – Guðrún frá Lundi.

8. desember : Mánasteinn – Sjón.

Allir velkomnir og heitt á könnunni.
Stjórnin



- a. Fundargerð skólanefndar frá 23. september 2014. Fundargerðin er í 10 liðum. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
 - b. Fundargerð skipulagsnefndar frá 13. október 2014. Fundargerðin er í 3 liðum. Vegna liðar 2 í fundargerðinni var eftifarandi bókun samþykkt. *Sveitarstjórn samþykkir erindi dags 7. október 2014 frá Davíð Örvvari Hanssyni f.h. Umhverfisstofnunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar í landi Kálfastrandar. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.* Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.
 - c. Fundargerð landbúnaðar og girðinganefndar frá 15. október 2014. Fundargerðin er í 3 liðum. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
3. Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar 2015. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum. Stefnt er að því að leggja fram fjárhagsáætlun 2015 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2016, 2017 og 2018 á næsta reglubundna fundi sveitarstjórnar þann 12. nóvember.
 4. Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, hefur ákveðið að leita eftir styrkjum. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í einstaka verkefnum þegar þau eiga við skv. lið a í umræddu bréfi, en vísar þessu erindi annars til gerðar fjárhagsáætlunar 2015. Undir þessum lið var einnig lögð fram þýðing á skýrslu sendifara ráðgjafa Ramsar nr. 76 sem Fjöregg færir sveitarfélaginu að gjöf. Sveitarstjórn færir Fjöreggi þakkir fyrir góða gjöf.
 5. Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Landsvirkjunnar, þar sem kynnt er að vinna við endurskoðun matsskýrslu vegna Bjarnarflagsvirkjunnar hafi af ýmsum ástæðum reynst tímafrekari en í upphafi var áætlað. Gert er ráð fyrir að skýrslan liggi fyrir í lok októbermánaðar.
 6. Í bréfinu er staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps nr. 690/2013. Um er að ræða breytingu á 1. mgr. 8.gr og breytingar á 39. gr. Breytingin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðina.
 7. Lögð fram ályktun ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða sem haldinn var í Vestmannaeyjum 24.-26. september 2014 þar sem samþykkt var að fara fram á að framlag ríkissjóðs til reksturs héraðsskjalasafna árið 2015 verði endurskoðuð í ljósi yfirlýstrar stefnu Alþings frá 1946 um að tryggja fullburða og vel rekin héraðsskjalasöfn um allt land. Einnig er brýnt að auka framlögin í ljósi aukinna krafna og verkefna sem falin voru héraðsskjalasöfnunum með samþykkt nýrra laga um opinber skjalasöfn nr.77/2014. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir ályktunina.
 8. Rætt um upplýsingar sem fram komu á íbúafundi um áhrif eldsumbrotanna í Holuhrauni sem haldinn var í Skjólbrekku miðvikudaginn 15. október s.l. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps óskar eftir við Umhverfisstofnun að komið verði á ítarlegri mælingum á loftgæðum í Mývatnssveit í ljósi þeirra óvenjulegu aðstæðna sem nú eru uppi vegna eldsumbrota í Holuhrauni og óvissu um hversu lengi það ástand varir. Borið hefur á að íbúar finni fyrir einkennum af völdum mengunnar sem ekki kemur fram í núverandi mælingum. Sveitarstjórn tilnefnir Sigurð Guðna Böðvarsson sem fulltrúa í ráðgjafarnefndina.
 9. Lagður fram tölvupóstur frá sveitarstjóra Norðurþings dags. 21. október 2014. Þar er þess



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

7. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 22. október kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

- 1 Fundarsetning.
- 2 Fundargerðir
 - a. Skólanefndar frá 23. september 2014
 - b. Skipulagsnefndar frá 13. október 2014
 - c. Landbúnaðar og girðinganefndar frá 16. október 2014
3. Fjárhagsáætlun 2015
4. Bréf Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit frá 16. október 2010
5. Bréf Skipulagsstofnunar frá 30. september 2014
6. Bréf Innanríkisráðuneytisins 22. september 2014
7. Ályktun Félags héraðsskjalavarða frá 26. september 2014
8. Loftgæði í Mývatnssveit
9. Ráðgjafarnefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit – Tilnefning fulltrúa
10. Þjónustusamningur vegna málaflokks fatlaðra
11. Þjónustusamningur við Mývatnsstofu – endurnýjun
12. Uppsögn á leiguhúsnæði á Múlavegi 1
13. Hluthafafundur Mývatnsstofu

Efni til kynningar

Fundargerð hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga frá 29. september 2014
Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 29. september 2014
Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2014

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að liðum 9, 10, 11, 12 og 13 yrði bætt á dagskrá. Auk þess yrði fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2014 tekin á dagskrá undir liðnum efni til kynningar. Samþykkt.